



FÉLAG ALMENNRA LÆKNA

4. október 2021

### Hvað er FAL?

Læknafélag Íslands (LÍ) er stéttarfélag lækna. Innan LÍ starfa fjögur “aðildarfélög” sem sinna hagsmunagæslu sinna félagsmanna bæði innan LÍ og utan þess.

Félag almennra lækna (FAL) er aðildarfélag “almennra lækna” - það er lækna sem eru ekki með sérfræðileyfi. Læknar sem tilheyra FAL eru flestir í sérnámsgrunni eða í sérnámi. Félagið telur tæplega 500 félagsmenn.

### Hvað gerir FAL?

Vinna FAL fer fram í þremur nefndum, auk stjórnar FAL:

**Hagsmuna- og samninganefnd:** Vinnur að málum sem tengjast kjarasamningum lækna, en FAL á tvo fulltrúa í samninganefnd LÍ. Sinnir jafnframt hagsmunagæslu fyrir félagsmenn FAL, t.d. að kjarasamningar séu virtir og málum tengdum vinnuskilyrðum og starfsumhverfi.

**Fræðslunefnd:** Skipuleggur fræðslukvöld fyrir félagsmenn og kemur að undirbúningi Læknadaga.

**Skemmtinefnd:** Skipuleggur viðburði fyrir félagsmenn, bæði minni viðburði og GalaFAL - nokkurskonar árshátíð félagsins.

### Stjórn FAL

Í stjórn FAL sitja fulltrúar kjörnir á aðalfundi félagsins. Stjórnin fundar reglulega til að ræða mikilvæg málefni félagsins og taka til aðgerðar til að tryggja hagsmuni félagsmanna.

Stjórn félagsins 2021-2022 skipa:

Árni Johnsen, formaður - [formadur@fal.is](mailto:formadur@fal.is)

Berglind Bergmann, varaformaður

Sólveig Bjarnadóttir, ritari

Þórdís Þorkelsdóttir, gjaldkeri

Sigrún Jónsdóttir

Signý Rut Kristjánsdóttir

Ólafur Orri Sturluson

Sara Lilly Þorsteinsdóttir

Hrafnhildur Linnét Runólfssdóttir

### Get ég verið í FAL?

Allir meðlimir í LÍ geta skráð sig í FAL. Ef þú ert meðlimur Læknafélags Íslands og vilt gerast meðlimur FAL, þá er einfaldast að senda póst á [lis@lis.is](mailto:lis@lis.is)

Við hvetjum alla félagsmenn til að ganga í Facebook hópinn Félag almennra lækna (FAL) og fylgjast með starfsemi félagsins þar.